

ÁFANGASTAÐAÁÆTLUN AUSTURLANDS

2022-2025



AUSTURLAND



AUSTURLAND

EFNISYFIRLIT

Um áfangastaðáætlun	5
Svæðisskipulag Austurlands	7
Áherslur Austurlands	11
Gestirnir okkar	12
Áherslur áfangastaðarins 2022-2025	14
Áhersluverkefni sveitarfélaga	20
Aðgerðaáætlun	23

think
outside
the circle*



ÁFANGASTAÐAÁÆTLUN AUSTURLANDS

Austurland er austasti hluti Íslands. Í daglegu tali er gjarnan talað um Austfirði en Austurland er nafn áfangastaðarins og Austurland er vörumerkið.

Austurland er 15.792 km² af fjölbreyttu og myndrænu landslagi. Þar er að finna heillandi firði, gróna dali og stórbrotið hálendi, þar af stóran hluta Vatnajökuls, stærsta jökuls Evrópu. Svæðið er strjálbýlt með um 11.300 íbúa. Þorp og sveitabæir eru staðsettir meðfram ströndinni og nálægt ám. Þrátt fyrir fámenni eru samfélögin kraftmikil og skapandi, með góða innviði og sterk fyrirtæki sem vinna m.a. fisk og ál.

Leiðarljós í þróun og markaðsetningu áfangastaðarins er:

Austurland er heillandi áfangastaður fyrir ferðamenn sem hafa áhuga á ósnortinni náttúru, ósvikinni upplifun og sköpunarkrafti. Hér er að finna endalausa möguleika til að rannsaka fallega náttúru, njóta matar úr staðbundnu hráefni og upplifa ógleymanleg útivistarævintýri árið um kring.

Markmið

- Að ferðapjónusta styðji við búsetugæði á Austurlandi.
- Að gestir hafi tækifæri til að upplifa áfangastaðinn árið um kring og velji að dvelja lengur og koma aftur.
- Að góðar samgöngur séu innan og til og frá landshlutanum á lofti, láði og legi svo byggja megi upp Austurland sem heilsársáfangastað.

Áfangastaðaáætlunin er leiðarvísir um þróun áfangastaðarins Austurlands. Hún er þróunar- og aðgerðaáætlun landshlutans til næstu ára til að ná settum markmiðum áfangastaðarins. Sjálfbær og ábyrg ferðapjónusta er meginmarkmiðið en í því felst að framgangur greinarinnar tekur mið af umhverfis-, efnahags- og samfélagslegum sjónarmiðum. Lögð er rík áhersla á að áhrif á búsetugæði í landshlutanum verði jákvæð, s.s. með atvinnusköpun, vöruþróun, menningarviðburðum, umhverfisvernd, landslagsmótun og mannvirkjagerð sem og uppbyggingu innviða sem nýttast jafnt íbúum sem og gestum.

Áfangastaðaáætlun Austurlands 2022-2025 er unnin í samstarfi við sveitarfélög, fyrirtæki, íbúa og aðra hagsmunaaðila á svæðinu og markmið hennar er að gera Austurland að ákjósanlegum stað til að búa á og heimsækja. Hún byggir á fyrri áætlun og áherslum frá árunum 2018-2021 og fylgir eftir áherslum Svæðisskipulags Austurlands 2022-2044.



15.792 km²



11.300
ÍBÚAR

21 hótel

23 gistiús

65+ aðrir gistimöguleikar

43 veitingastaðir


4 rútufyrirtæki

4 bílaleigur

6 ferðaskrifstofuleyfi

21 ferðaskipuleggjandi

SVÆÐISSKIPULAG AUSTURLANDS 2022-2044



Ævintýri líkast: Menningarlífið er blómlegt og fjölbreyttir möguleikar eru til að stunda útivist og íþróttir, sem gerir landshlutann að spennandi stað til að búa á, starfa og heimsækja.



Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044 markar sameiginlega framtíðarsýn Fjarðabyggðar, Fljótsdalshrepps, Múlaþings og Vopnafjarðarhrepps fyrir landshlutann. Tilgangurinn er að stilla saman stefnu sveitarfélaganna á sviði umhverfis, efnahags, samfélags og menningar og tryggja þar með sjálfbæra þróun, komandi kynslóðum í hag. Svæðisskipulagið er langtíma stefnumarkandi áætlun sem framfylgt verður með skipulagsáætlunum hvers sveitarfélags og öðrum áætlunum SSA.

Svona verður Austurland 2044:

Á Austurlandi er samheldið fjölmenningsamfélag með lífsgæði í forgrunni. Litríkt listalíf, ríkur menningararfur og áhugaverðir staðir á fjörðum, héraði og hálendi veita gnótt tækifæra til að upplifa sannkölluð ævintýri. Öflugt og fjölbreytt atvinnulíf byggir á sjálfbærri nýtingu auðlinda og þekkingu og sköpunarkrafti íbúa.

UPPLIFANIR

Upplifanir



Náttúruupplifanir



Vatnajökulsþjóðgarður



Menning



Hreindýr



Matarupplifanir



Gönguferðir



Vetrarævintýri

Hjólreiðar



Kajakferðir



Hestaferðir



ÁHERSLUR OG MARKMIÐ Í FERÐAÞJÓNUSTU Á AUSTURLANDI

LEIÐANGRAR

MATUR

• • ÚTIVIST • •

• • SKÖPUN &
MENNING • •

NÁTTÚRA
AUSTURLANDS

ÁHERSLUR AUSTURLANDS

ÚTIVIST

Höldum áfram að þróa upplifanir í takt við stefnu áfangastaðarins með því að:

- Viðhalda og bæta gönguleiðir og stíga.
- Þróa aðrar leiðir, s.s. hjóla-, reið- og skíðaleiðir.
- Viðhalda og bæta kort yfir útivistarleiðir.
- Þróa varning og upplifanir í tengslum við útivistarleiðir.
- Tryggja verndun náttúru og ábyrga ferðapjónustu.

LEIÐANGRAR

Höldum áfram að þróa upplifanir í takt við stefnu áfangastaðarins með því að:

- Þróa áfram ferðaleiðir um landshlutann.
- Bæta áningarstaði og aðstöðu við vegi landshlutans; almenningssalerni, upplýsingaskilti, örugg bílastæði og göngustíga.
- Auka sýnileika vörumerkisins Austurland og gefa greinagóðar upplýsingar um landshlutann sem áfangastað.
- Leggja mat á fjölgun skemmtiferðaskipa út frá möguleikum og áskorunum og leggja línurnar til framtíðar.
- Viðhalda og vernda strandlengjuna og þróa vörur og upplifanir í tengslum við firði, sjó og vötn.

MATUR

Höldum áfram að þróa upplifanir í takt við stefnu áfangastaðarins með því að:

- Leggja meiri áherslu á tengsl ferðapjónustu, nýsköpunar og matvælaframleiðslu.
- Styðja við smáframleiðendur sem vinna með hráefni landshlutans.
- Fjölga veitingastöðum sem bjóða upp á mat úr staðbundnu hráefni.
- Auka meðvitund og skilning á mikilvægi breytinga á neyslu í tengslum við menningu, loftslagsbreytingar og aðgengi að matvælum.
- Styðja við starfsemi Austfirskra krása, matarklasa Austurlands.

SKÖPUN & MENNING

Höldum áfram að þróa upplifanir í takt við stefnu áfangastaðarins með því að:

- Hvetja til þverfaglegs samstarfs menningarstofnana og ferðapjónustu.
- Auka samvinnu við menningartengd og skapandi fyrirtæki við þróun Austurlands sem áfangastaðar.
- Halda bæði tengslum við menningararfleifð okkar og vera jafnframt opin fyrir nýjum áhrifum.
- Styrkja fyrirtæki landshlutans í ferli sköpunar og vörubröðunar sem leiðir til frumlegra hugmynda og nýsköpunar.



SJÁLFSTÆÐI
LANDKÖNNUÐURINN




LÍFSGLAÐI
HEIMSBORGARINN



MAKINDALEGI
MENNINGARVITINN



DREIFBÝLISBÓHEM
/ NÁTTÚRUNÖRD



SKAPANDI
OG SKRÝTIN

GESTIRNIR OKKAR

SJÁLFTÆÐI LANDKÖNNUÐURINN / SELECTIVE EXPLORER (INDEPENDENT EXPLORER)*

- Er ástríðufullur um ferðalög og ævintýri.
- Vill síður fara troðnar slóðir.
- Kann vel við fjölbreytt mannlíf og umhverfi.
- Vill vita hvaðan maturinn kemur.
- Er til í að borga meira fyrir gæði.
- Er vel upplýstur og forvitinn.
- Er ábyrgur.

LÍFSGLAÐI HEIMSBORGARINN / GENTLE ADVENTURER (THE FUN LOVING GLOBETROTTER)*

- Sækist eftir hinu óvænta en skynsamlega.
- Heillast af staðbundnum mat, menningu og fólki.
- Fer fram á skipulagt frelsi; velur merktar gönguleiðir og forðast vitleysu.
- Fer fram á leiðsögn og skipulagningu; vill geta séð um sig sjálfur en kann að meta góða þjónustu og aðstoð.
- Safnar sögum til þess að segja vinum frá ferðum sínum; mjög virkur á samfélagsmiðlum, birtir mikið fyrir ferðalagið, á meðan á ferðalaginu stendur og eftir að því lýkur.
- Dáist að náttúru og fólki; sýnir umhverfi og menningararfleið virðingu.

MAKINDALEGI MENNINGARVITINN / ACTIVE RELAXER (THE CULTURAL COMFORT SEEKER)*

- Er varkár ævintýramaður.
- Kann vel við rólega morgna en hefur ekkert á móti fjallgöngu seinni partinn.
- Ferð með fram strandlengjunni og matur undir berum himni er hans fullkomni dagur.
- Vill sjá eldfjallið en þarf ekki að skilja hvernig það virkar.
- Velur skipulagðar ferðir sem halda utan um öll smáatriði.
- Kann að meta þægindi með góðum mat, góðri þjónustu og góðum félagsskap.

DREIFBÝLISBÓHEM / NÁTTÚRUNÖRD / NATURE NERDS

- Finnst gaman að horfa á fjall og skilja hvernig það varð til.
- Fer á safn fyrir hádegi og í fjallgöngu eftir hádegi
- Jarðfræði er hans hjartans mál – fjall er ekki bara fjall!
- Er vel græjaður og undirbúinn.
- Kann að meta góðar upplýsingar um svæðið.

SKRÝTIN OG SKAPANDI

- Hleður batteríin á Austurlandi.
- Tekur mikið af myndum.
- Fyllist innblæstri.
- Hefur áhuga á viðburðum á stöðunum sem hann heimsækir.
- Er dreifbýlisbóhem sem elskar kraft lítilla samfélaga.

* Þrjár gerðir gesta, the Fun Loving Globetrotter, Independent Explorer and Cultural Comfort hafa verið greindir sérstaklega af Íslandsstofu.

ÁHERSLUR ÁFANGASTAÐARINS 2022-2025



Chris Burkard fyrir Austurland Freeride

FERÐALEIÐIR

Markmið ferðaleiða um Austurland er að hvetja ferðamenn til að gefa sér lengri tíma í landshlutanum og njóta þeirrar fjölbreyttu afþreyingar og þjónustu sem í boði er. Inni á ferðavef landshlutans, VisitAusturland.is er að finna fimm ferðaleiðir sem leiða gesti um firði, fjöll og dali og eru ferðaáætlanir (á íslensku og ensku) mótaðar eftir aðgengi að áfangastöðum og þjónustu á mismunandi árstíðum. Áfram verður unnið að þróun ferðaleiða Austurlands á komandi árum með samstarfsaðilum.

- **VIÐ YSTA HAF** – 350 km
Njóttu kyrrðarinnar utan alfaraleiða. Ferskur andvari af hafi, úrval gönguleiða og fjölbreytt fuglalíf.
- **AUSTURSTRÖNDIN** – 175 km / 240 km
Stórbrotin náttúra er einkennandi fyrir Austurströndina auk jarðsögu, menningar og mannlífs.
- **FLAKKAÐ UM FIRÐI** – 140 km
Upplifðu fjölbreytt landslag og menningarlíf, sjáðu fallega fossa og borðaðu góðan mat.
- **UM ÖRÆFI OG DALI** – 275 km
Finndu öræfin, fjöllin og jöklana, grjótið, gróðurinn, vötnin og kyrrðina í einu stærsta óbyggða viðerni Evrópu.
- **FLJÓTSDALSHRINGURINN** – 110 km
Þægileg dagleið þar sem tengingar við söguna, sjálfbærni og matur úr héraði eru í hávegum höfð.




SEGLAR AUSTURLANDS

Við markaðssetningu áfangastaðarins Austurlands er m.a. stuðst við skilgreinda segla landshlutans. Árið 2022 vann Datera greiningu á vinsælustu ferðamanna-stöðum samkvæmt leitaráhuga ferðafólks á netinu en net- og samfélagsmiðlar eru oft fyrsta snerting við tilvonandi gesti. Greiningin leiddi í ljós að Stuðlagil, Hengifoss, Vök baths og Seyðisfjörður eru vinsælustu ferðatengdu leitarorðin þegar kemur netleit er tengist Austurlandi. Þessir áfangastaðir fá jafnframt flestar

heimsóknir ferðamanna þegar í landshlutann er komið. Seglar draga ekki aðeins að sér ferðamenn, heldur beina þeir einnig athygli gesta að annarri þjónustu, afþreyingu og náttúruskoðunarstöðum í næsta nágrenni. Unnið er markvisst að því að kveikja áhuga ferðamanna á fleiri áfangastöðum í nálægð seglanna, með það að markmiði að lengja dvöl þeirra í landshlutanum – og hvetja þá til að koma aftur og rannsaka Austurland betur í næstu Íslandsferð.



STUÐLAGIL



HENGIFOSS



VÖK BATHS



SEYÐISFJÖRÐUR

VÖRUÞRÓUN Í TENGLUM VIÐ BEINT FLUG

Austurbrú tekur þátt í verkefninu Nature Direct í samstarfi við Markaðsstofu Norðurlands, ISAVIA og Íslandsstofu.

Verkefnið felst m.a. í stuðningi við svæði sem ekki hafa notið ferðaþjónustu sem heilsársatvinnugreinar vegna fjarlægðar frá Keflavík. Áhersla er lögð á aukið framboð á gistingu, afþreyingu og aðra vöru. Einnig aukið samstarf fyrirtækja við að byggja upp nýja hringrás ferðamanna á Íslandi sem styður við þróun fluggáttanna um Egilsstaðaflugvöll og Akureyrarflugvöll.

Á árunum 2023-2024 vinna Austurbrú, SSA, Markaðsstofa Norðurlands, SSNE og SSNV einnig saman að verkefninu Straumhvörfum sem er ætlað að byggja enn betur undir vöruframboð og upplifanir á Austur- og Norðurlandi í tengslum við beint flug.




MÍÐLAR

Austurbrú rekur ferðavef landshlutans, VisitAusturland.is, og þjónar hann sem upplýsingamiðstöð ferðamanna. Þar er m.a. að finna upplýsingar um þá þjónustu og afþreyingu sem er að finna á Austurlandi auk upplýsinga um áfanga- og áningarstaði. Þar eru einnig hagnýtar upplýsingar fyrir erlenda ferðamenn um hvernig skuli bera sig að á ferðalagi um Ísland á mismunandi tímum árs. Vefurinn er í stöðugri uppfærslu og á árunum 2023-2024 er áætlað að ferðavefir sveitarfélaganna verði alfarið sameinaðir Visit Austurland og hýstir þar til framtíðar.


Austurbrú heldur einnig utan um samfélagsmiðla í tengslum við ferðavefinn og er Visit Austurland bæði að finna á Facebook og Instagram.



VisitAusturland á facebook
30.000 fylgjendur
facebook.com/VisitAusturland



VisitAusturland á Instagram
8.700 fylgjendur
@VisitAusturland



Visitausturland.is er hugsaður fyrir gesti og ferðamenn, jafnt innlenda sem erlenda.

Vef- og samfélagsmiðlar

- Visitausturland.is
- Austurlandsappið

Instagram – áherslur & efni

- Visit Austurland: 8.700 fylgjendur

Facebook – áherslur & efni

- Visit Austurland: 30.000 fylgjendur


Útgefið efni

- Austurlandskortíð
- Destination guide
 - Afrifukort
- Kompás (ráðgjöf)
- Hlaðvarp Austurlands/Austurbrúar

Almannatengsl

Komum fréttum á framfæri

- Íslenskir miðlar
- Erlendir miðlar (Íslandsstofa)



Samstarfsaðilar

- Fyrirtæki, sveitarfélög og aðrir hagaðilar
- Austurbrú – samstarfsaðilar
 - Ferðamálastofa
 - Íslandsstofa
- Markaðsstofur landshlutanna

Viðburðir og verkefni

- Árlegir viðburðir
- POP up viðburðir
 - Ferðaleiðir

**Birtingaáætlun
Auglýsingamiðlar**

- Útvarp
- Skjámiðlar
- Bæklingar

ÁHERSLUVERKEFNI SVEITARFÉLAGA


Fjarðabyggð

1. Reyðarfjörður: Búðarárfoss – göngustígur og bílastæði við vinsælan viðkomustað ferðamanna og íbúa á Reyðarfirði.
2. Breiðdalsvík: Streitishvarf – göngustígur, bílastæði og nýr aðkomuvegur að áfangastað í vexti.
3. Eskifjörður: Bleiksár foss – hönnun göngustígs og útsýnissvæðis við fossinn til að auka öryggi ferðamanna.

Fljótshreppur

4. Bessastaðargil og Melarétt – hönnun, bílastæði og stígar.
5. Gjárhjalli í Norðurdal – merkingar og gönguleið.
6. Fossaganga við Jökulsá – úrbætur á gönguleið.
7. Laugarfell – viðhald göngustíga.
8. Ranaskógur og Víðivallaháls – fjallahjólaleiðir.
9. Fjallaskarð – merking gönguleiða.
10. Eyjabakkar – merking gönguleiða.
11. Fljótshreppur – frá Hengifossi að Valbjófsstað.
12. Hengifoss – göngustígar og aðgengi.

Áhersluverkefni sveitarfélaganna
í tengslum við Framkvæmdasjóð
ferðamannastaða. Uppfært 2024.



ÁHERSLUVERKEFNI SVEITARFÉLAGA


Múlaping

- 13. Baugur Bjólfs – göngustígur, bílastæði og merkingar
- 14. Gufufoss – göngustígur og útsýnispallar
- 15. Eggín í Gleðivík – gangstétt og göngustígur
- 16. Héraðssandur – vegur, bílastæði og merkingar
- 17. Djúpvogur – bílastæði við svörtu sanda, merkingar á gönguleið og Búlandsnesi
- 18. Borgarfjörður – hjólastígakerfi
- 19. Eyvindará í Selskogi – göngubrú yfir yfir í Taglarétt
- 20. Fardagafoss – bætt aðgengi
- 21. Eyvindará – göngubrú yfir á við flugvöll

Vopnafjarðarhreppur

- 22. Gerð miðbæjarskipulags sem styrkir Vopnafjörð sem áfangastað ferðamanna
- 23. Þverárgil – lagning og viðhald gönguleiðar
- 24. Kolbeinstangaviti – bætt aðgengi
- 25. Smábátahöfn – bætt aðgengi

Áhersluverkefni sveitarfélaganna
í tengslum við Framkvæmdasjóð
ferðamannastaða. Uppfært 2024.



VINSÆLIR ÁFANGASTAÐIR

Fjarðabyggð

Reyðarfjörður

1 Grænafell

Fáskrúðsfjörður

2 Franski grafreiturninn

3 Hafnarnes

Breiðdalur

4 Beljandi

5 Streiti

Mjóifjörður

6 Dalatangi

7 Pramminn

8 Klifbrekkufossar

Norðfjörður

9 Frábær smábær

– Hjallurinn

Fljótssdalshreppur

10 Hengifoss

11 Strútsfoss

12 Skriðuklaustur

13 Valþjófsstaður

14 Laugarfell

15 Óbyggðasetur

16 Sótavistir

17 Tröllkonustígur

Múlaþing

Borgarfjörður eystra

og nágrenni

18 Fuglaskoðunarsvæði

í Hafnarhólma

19 Gamla bryggjan

20 Innra Hvannagil

21 Víknaslóðir

Seyðisfjörður

22 Bjölfur

23 Gufufoss

24 Brimnesviti

Fljótssdalshérað

25 Stuðlagil

26 Fuglaskoðunarsvæði

á Úthéraði

27 Geirsstaðakirkja

Djúpivogur og nágrenni

28 Djúpavogskörin

29 Hálsarætur

– gönguverkefni

30 Bragðavellir


Vopnafjarðarhreppur

31 Hofskirkja

32 Böðvarsdalur

33 Þverárgil

Yfirlit yfir áfangastaði sem
eru í vinnslu eða þarfnast
frekari uppbyggingar.



AÐGERÐAÁÆTLUN

1.

MEGINMARKMID / LEIDARLJÓS	AÐGERÐ	ÁFANGAR	VERKTÍMI	ÁBYRGÐ
Áframhaldandi þróun verkefna Áfangastaðastofu Austurlands	1.1 Endurskoðun áfangastaðaaætlunar og forgangsroðunar árlega	Endurskoðuð áætlun tilbúin í september ár hvert	Árlega	Austurbrú
	1.2 Endurnýjun á samningi um áfangastaðaaætlun og heildarendurskoðun	Nýr samningur undirritaður 2023	2023	Austurbrú, SSA og Ferðamálastofa
	1.3 Regluleg söfnun tölfræðilegra upplýsinga og rannsóknir um svæðið auknar	Afla tölfræðilegra upplýsinga og rannsókna um AL frá Ferðamálastofu, SAF, Hagstofu, ISAVIA og Rannsóknarmiðstöð ferðamála	Árlega	Austurbrú
	1.4 Ferðamálastefna fyrir hvert sveitarfélag í samræmi við Áfangastaðaaætlun Austurlands	Öll sveitarfélög á Austurlandi eigi sína ferðamálastefnu og framfylgi henni. Sveitarfélög endurskoða sína stefnu reglulega	Þegar við á	Sveitarfélög á Austurlandi og Austurbrú

MEGINMARKMIÐ / LEIÐARLJÓÐ	ADGERÐ	ÁFANGAR	VERKTÍMI	ÁBYRGÐ
Austurland þróist sem sterkur og sjálfbær áfangastaður þar sem ferðaþjónusta dafnar árið um kring	2.1 Efling Egilsstaðaflugvallar	Markviss vinna við að efla EGS flugvöll sem millilandaflugvöll	Alltaf í gangi	Austurbrú, SSA, sveitarfélög, ISAVIA einkaaðilar
	2.2 Straumhvörf – samstarfsverkefni um vörupróun vegna millilandaflugs um EGS og AEY	Nýir afþreyingarmöguleikar, gisting og ferðapakkar í tengslum við millilandaflug	2023-2024	Austurbrú, SSA, Markaðsstofa Norðurlands, SSNV, SSNE, samstarfsaðilar
	2.3 Auka fjárfestingar í ferðaþjónustu	Vinnufundur, samtöl við mögulega fjárfesta, aðstoð við einkaaðila	2023-2025	Austurbrú, sveitarfélög, Íslandsstofa, ferðaþjónustuaðilar
	2.4 Kortlagning og þróun ferðamannastaða	Ráðgjöf og aðstoð við umsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða	Árlega	Austurbrú, samstarfsaðilar
	2.5 Skemmtiferðaskip	Greining á þolmörkum og afkastagetu landshlutans við móttöku skemmtiferðaskipa, þátttaka í stefnumótun	Fyrir árslok 2024	Austurbrú, sveitarfélög, samstarfsaðilar
	2.6 Ferðaleiðir	Frekari þróun á ferðaleiðum á vef	2023-24. reglugerðar uppfærslur	Austurbrú, sveitarfélög, samstarfsaðilar
	2.7 Matarauður Austurlands	Aukinn sýnileiki austfirskra matvæla, t.d. með verkefninu „Láttu stjórnuna leiða þig“ og auknu samstarfi milli framleiðenda og söluaðila	Árlega	Austurbrú, Austfirskar krásir, samstarfsaðilar
	2.8 Efling og þróun menningar	Samstarf og hvatning til safnastarfsemi, menningarmiðstöðva og listafólks í landshlutanum	Alltaf	Austurbrú, sveitarfélög menningar- miðstöðvar
	2.9 Tryggja grunnsamgöngur fyrir ferðafólk allt árið	Bættar samgöngur utan háannatíma í lofti og á landi, m.a. að fjölsóttir ferðamannastaðir í byggð séu aðgengilegir allt árið eins og veður leyfir.	2024-2025	Vegagerðin, flugfélög, sveitarfélög
	2.10 Þróun ferðaþjónustu allt árið um kring	Aukning í gistirými, opnunartíma veitingastaða og framboði á afþreyingu á axlartímabilum og að vetri.	Alltaf	Austurbrú, samstarfsaðilar
	2.11 Skilta-, aðgengis- og öryggismál	Hvetja til bættis og tryggara aðgengis að ferðamannastöðum, þ.m.t. með umsóknum í framkvæmdasjóð Ferðamannastaða	Alltaf	Vegagerðin, sveitarfélög, Ferðamálastofa, Austurbrú, samstarfsaðilar
	2.12 Hönnunarhugsun við uppbyggingu nýrra áfangastaða	Hvetja til hönnunarsamkeppna meðal arkitekta og samstarfs við faghönnuði, t.d. í tengslum við umsóknir í Framkvæmdasjóð ferðaþjónustuaðila	Eins og við á	Sveitarfélög, samstarfsaðila, Austurbrú, Arkitektafélag Íslands

MEGINMARKMIÐ / LEIÐARLJÓÐ	AÐGERÐ	ÁFANGAR	VERKTÍMI	ÁBYRGÐ
Stuðla að frekara samstarfi, stuðningi og fræðslu innan ferðaþjónustunnar í landshlutanum	3.1 Fjölga og styðja við samstarfsaðila Austurbrúar	Reglulegir morgunfundir, gerð samstarfs-samninga, haustfundur	Eins og við á	Austurbrú
	3.2 Stuðningur og efling klasa með tilliti til vörupróunar og nýsköpunar, s.s. matarklasa	Stuðningur við styrkumsóknir og vörupróun (skipuleggja fundi fyrir klasa og tengslanet tengd áherslusviðum AL, styðja við framkvæmdir)	Eftir þörfum	Austurbrú, klasar, framleiðendur
	3.3 Umhverfis- og gæðavottanir	Stuðningur og hvatning til fyrirtækja sem vilja taka upp slíkar vottanir fyrir sína starfsemi. Kynningarfundir og leiðsögn	Eftir þörfum	Austurbrú, Ferðamálastofa
	3.4 Styðja við aukna hæfni og fagmennsku stjórnenda og starfsfólks í ferðaþjónustu	Rafræn námskeið Austurbrúar, námskeið Hæfnisseturs og annarra aðila	Alltaf	Austurbrú, Hæfnissetur ferðaþjónustunnar

MEGINMARKMIÐ / LEIÐARLJÓS	AÐGERÐ	ÁFANGAR	VERKTÍMI	ÁBYRGÐ
Hugað verði að þörfum og væntingum íbúa og gesta í tengslum við þróun áfangastaðarins Austurlands	4.1 Fylgst verði með viðhorfum heimafólks og ferðafólks.	Viðhorfskönnun verði gerð meðal heimafólks, ánægjukannanir ferðamanna á vegum Ferðamálastofu	Einu sinni á tímabilinu	Austurbrú, Ferðamálastofa
	4.2 Urbótaganga	Úrbótagöngur í öllum sveitarfélögum með almennri þátttöku.	Að lágmarki árlega	Sveitarfélög, íbúar, Austurbrú

MEGINMARKMIÐ / LEIÐARLJÓÐ	ADGERÐ	ÁFANGAR	VERKTÍMI	ÁBYRGÐ
Styrkja vörumerkið Austurland með því að kynna og markaðssetja áfangastaðinn til viðeigandi markhópa	5.1 Endurskoðun markhópagreiningar fyrir Austurland	Endurskoða og uppfæra markhópagreiningu	2024	Austurbrú
	5.2 Koma Austurlandi á framfæri á netmiðlum sem spennandi áfangastað	Vef- og samfélagsmiðlastefna, reglulegar færslur og herferðir á samfélagsmiðlum, sameiginlegur vefur uppfærður reglulega með áhugaverðu efni.	Alltaf	Austurbrú, Íslandsstofa, samstarfsaðilar
	5.3 Sameining ferðavefja sveitarfélaganna við VisitAusturland.is	Sjálfstæðir ferðavefir sveitarfélaganna verða sameinaðir undir Visitausturland.is og hýstir þar til framtíðar	2023-2024	Austurbrú, sveitarfélög
	5.4 Efla tengsl við mögulega kaupendur og söluaðila	Virk þátttaka í ferðakaupstefnum, vinnustofum, og boðið upp á FAM ferðir og almennar kynningar fyrir bæði innlenda og erlenda aðila	Eins og við á	Austurbrú, Íslandsstofa, samstarfsaðilar
	5.5 Útgáfa á markaðs- og kynningarefni	Austurlandskort, sýningarefni o.fl.	Austurlandskort endurútgefið á 2ja ára fresti, annað efni prentað eftir þörfum	Austurbrú, sveitarfélög, samstarfsaðilar
	5.6 Austurlandsappið	Endurskoðun á þörf og framtíðarmöguleikum appsins	2024	Austurbrú

A detailed topographic map of Iceland, rendered in white lines on a dark gray background. The map shows the intricate coastline and the complex network of contour lines across the island, highlighting its rugged terrain. The map is centered, with the text of the document overlaid on the right side.

ÁFANGASTAÐURINN AUSTURLAND

Áfangastaðaáætlun Austurlands 2022-2025
Uppfærð útgáfa 2024

VERKEFNASTJÓRAR

Alexandra Tómasdóttir // alexandra@austurbru.is
Urður Gunnarsdóttir // urdur@austurbru.is

WWW.VISITAUSTURLAND.IS